

Tillaga	A 1977/UHN
Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærminefndin

Þingmannatillaga um gagnsæi um auðlindir jarðefnaeldsneytis

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að vinna innan alþjóðlegra verkefna að því að auka gagnsæi um norrænar auðlindir jarðefnaeldsneytis og vinnslu þeirra

svo og að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að efla aðgerðir til að auka þekkingu á aðgangi að og vinnslu jarðefnaeldsneytis á alþjóðlegum vettvangi

Bakgrunnur

Þrátt fyrir auknar aðgerðir til að bregðast við hinum bráða loftlagvanda gengur vinnan að því að takmarka brennslu jarðefnaeldsneytis of hægt á öllum sviðum stjórn mála. Til að flýta fyrir umskiptum úr jarðefnaeldsneyti yfir í endurnýjanlega orkugjafa er lykilatriði að ráðamenn hafi aðgang að nákvæmum upplýsingum um bæði aðgang að, vinnslu og fyrirhugaða vinnslu jarðefnaeldsneytis bæði á Norðurlöndum og á heimsvísu. Hins vegar er í dag ekki gefið að hreinskiptni og gagnsæi ríki um auðlindir jarðefnaeldsneytis.

Ýmsar alþjóðlegar aðgerðir eru í gangi til að vekja athygli á þessum vanda. Umhverfisáætlun Sameinuðu þjóðanna (UNEP) gefur reglulega út skýrsluna „Production Gap Report“ sem lýsir því að hve mikla vinnslu jarðefnaeldsneytis ríkisstjórnir heimsins hafa áform um miðað við það sem rúmast innan 1,5 gráðu markmiðs Parísarsamningsins. Samtímis vinnur UNEP að nýju alþjóðlegu verkefni – The Global Registry of Fossil Fuels – sem gefur upplýsingar um stöðu jarðefnaeldsneytisauðlinda í hverju landi fyrir sig, fyrst og fremst að því er varðar áætlaðar birgðir og framleiðslumagn.

Þar sem hreinskiptni og gagnsæi hafa lengi verið hluti af hinum norrænu kjarnagildum er eðlilegt að norrænu löndin haldi þeim á lofti í mun ríkari mæli í loftlagsstarfinu. Það



má gera á tvennan hátt. Í fyrsta lagi gætu Norðurlönd aukið gagnsæi um auðlindir jarðefnaeldsneyti í löndunum og (fyrirhugaða) vinnslu þeirra. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að stuðla að samstarfi milli norrænna rannsóknarstofnana og alþjóðlegra aðila til að þróa aðferðir til að reikna umhverfis- og loftlagsáhrif norrænna auðlinda jarðefnaeldsneytis.

Í öðru lagi gætu Norðurlönd tekið virkari þátt í alþjóðlegum verkefnum og samningum sem stuðla að því að samræma skráningu jarðefnaeldsneytisauðlinda og (fyrirhugaða) vinnslu þeirra og auka gagnsæi á alþjóðavettvangi. Norðurlönd geta tekið mun virkari þátt í því að móta alþjóðleg viðmið og viðmiðunarreglur sem geta til dæmis stuðlað að því að lönd dragi ekki úr upplýsingum sem þau gefa upp um skaðleg loftlagsáhrif.

Á tímum er loftslagsbreytingar krefjast skjótra og ákveðinna aðgerða er aukið gagnsæi um jarðefnaeldsneyti einstaklega mikilvægt fyrir upplýsta ákvarðanatöku. Betri skilningur á þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir er lykilatriði til að hraða megi á umskiptunum yfir í sjálfbærari og loftlagsvænni framtíð.

Osló, 30. október 2023

Simon Holmström (HI)
Catarina Deremar (C)
Hanna Katrín Friðriksson (Vr)
Heidi Greni (Sp)
Jouni Ovaska (cent)
Anna Falkenberg (SP)
Kathrine Kleveland (Sp)
Jeppe Søre (M)
Ola Elvestuen (V)
Krista Mikkonen (gröna)

Rebecka Le Moine (MP)
Helena Gellerman (L)
Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)
Kjerstin Wøyer Funderud (Sp)
Johan Dahl (sb)
Mikko Ollikainen (sv)
Mikael Lindholm (ÅC)
Hans Christian Schmidt (V)
Markku Siponen (cent)